

## Skrá 18. Ull og tóvinna IV

### **Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafnsins**

#### **18. Spurningaskrá**

Ull og tóvinna, IV.

Spurningaskrá þessi, sem er hin fjórða um ull og tóvinnu, er væntanlega hin síðasta viðvirkjandi vefnaði. Sum atriði, sem hér er spurt um, eru að öllum líkindum orðin svo fjarlæg nútímafólki, að lítil von er til að hægt sé að gera þeim nokkur viðhlítandi skil í svörum, en samt hefur engu að síður verið spurt um þau, ef svo færi að einhver kynni að greina frá þeim. Enn sem fyrr væri Þjóðminjasafninu hin mesta þökk á því, ef vinir þess og velunnarar gætu látið því í té sýnishorn af íslenskum vefnaði ásamt upplýsingum um aldur, efni, vefara og þann, sem vann voðina, litun o.s.frv. Það skiptir ekki máli, þótt sýnishornin séu slitin af langri notkun, en á það skal lögð áhersla, að sýnishornin séu ekki klippt úr heilum hlutum eða hlutum, sem halda upphaflegri lögun. Safninu væri ekki síður þökk á, að þessari beiðni væri komið á framfæri við þá, sem líklegir eru til að eiga í förum sínum vefnaðarsýnishorn.

#### **Vefnaður almennt.**

Var voðum gefið nafn eftir því, til hvers átti að nota þær, án tillits til vefnaðarvendar (brekúansvoð, buxnavoð, hæruvoð, skyrtudúkur, svuntudúkur o.s.frv.)?

Var ákveðið álnatal í voð ætlað til ákveðna hluta (t.d. svo og svo margar álnir í eitt brekúan, tjald o.s.frv.)?

#### **Einskefta.**

Hvað nefndist vefnaðarvendingin? Fór það e.t.v. að einhverju leyti eftir efni í uppistöðu og ívafi (alull, ull og útlent garn, algarn)? Var t.d. orðið tvistur eða tvistdúkur notað um einskeftu, sem var að öllu leyti úr útlendu garni? Segið frá efni og gerð uppistöðunnar, miðað við mismunandi einskeftudúka. Lýsið litum (sauðalítir, jurталitir, útlendir litir). Segið frá munstrum. Voru þau ef til vill nefnd ákveðnum nöfnum? Var litum í einskeftuvoð raðað niður fyrirfram með því að vinda þá á spjald? Hvað var það nefnt (að munstra, t.d.)? Lýsið mismunandi einskeftudúkum, eftir því sem hægt er: a) kjóladúkur, b) millipilsadúkur, c) sjaldúkur, d) svuntudúkur, e) milliskyrtudúkur, f) fatafóður, g) efni í kastföt (t.d. mjaltapils), h) sængurveradúkur, i) borðdúkur, j) húsgagnaáklæði, k) gluggatjöld, l) efni til útsaums, m) efni í skyr síur, n) efni í bakleppa á hross undir reiðing, o) segldúkur, p) tjaldúkur, q) pokadúkur, r) annað einskeftuefni til fatnaðar, rúmfasta eða búshluta.

Voru einskeftudúkar sendir brott til litunar eða til að þrykkja í þá munstur?

#### **Vaðmál.**

Lýsið uppistöðu vefjar (efni og gerð). Lýsið ívafi (efni og gerð). Lýsið litum (sauðarlítir, jurталitir, útlendir litir). Segið frá munstrum, þar sem um þau var að ræða, og nöfnum á þeim. Gerið grein fyrir vaðmáli til eftirtalinna nota: a) spariföt kvenna (stakkpeysa, pils og peysufatasjal), b) ígangsföt kvenna (treyjur, pils, hyrnur, kjólar), c) reiðföt kvenna (treyja, pils), d) spariföt karla, e) ígangsföt karla, f) nærfatavaðmál karla og kvenna (nærskyrturnar, nærbuxur, nærpils t.d.), g) rúmfatavaðmál (yfirrekkvoðir, undirrekkvoðir o.s.frv.), h) skyr síur og aðrar síur úr vaðmáli, i) poka vaðmál (segið frá pokagerðum og pokaheitum), j) vaðmál í reiðver, svo sem undirdekk, k) vaðmál í segl, l) vaðmál í tjöld, m) önnur not vaðmáls á heimilum eða utan heimila.

Lýsið mismun vaðmálsvoða, miðað við fyrrgreind not. Voru vaðmálsvoðir sendar brott til litunar eða til að þrykkja í þá munstur?

### **Klæðavefnaður, veipa.**

Tíðkaðist sú tegund vaðmálsvefnaðar, sem í sumum landshlutum var nefnd veipa og annar staðar klæðavefnaður, klæðavend, klæðavenda, venda o.s.frv.? Undir hvaða nafni gekk hún í byggðarlagi yðar? Lýsið henni miðað við mismunandi not. Til hvaða fatnaðar var hún einkum ætluð (sparifata karla, t.d.)? Segið frá uppistöðu (efni, gerð). Segið frá ívafi (efni, gerð). Lýsið litum (sauðarlitir, jurtalitir, útlendir litir).

### **Hringavefnaður.**

Tíðkaðist að vefa hringavefnað? Hvað nefndist hann (hringavefnaður, hringjavefnaður)? Tíðkuðust mismunandi gerðir af honum (heilhringjað, hálfhringjað)? Segið frá uppistöðu (efni og gerð). Segið frá ívafi (efni og gerð). Lýsið litum (sauðarlitir, jurtalitir, útlendir litir). Til hvers voru hringofnar voðir einkum ætlaðar? Lýsið því.

### **Oddavefnaður.**

Tíðkaðist oddavefnaður? Hvaða hlutir voru þá einkum ofnir með oddavefnaði? Segið frá uppistöðu og ívafi (efni og gerð). Segið frá litum.

### **Ormeldúkur.**

Hvað nefndist þessi vefnaðarvend (ormeldúkur, vormeldúkur eða annað)? Lýsið uppistöðu mismunandi ormeldúka (efni og gerð). Lýsið litum (sauðarlitir, jurtalitir, útlendir litir). Var talað um bandormeldúk og þráðarormeldúk eftir því, á hvoru bar meira í rétthverfu dúksins, ívafi eða uppistöðu? Hvort var þá algengara, bandormeldúkur og þráðarormeldúkur? Fór það ef til vill eftir því til hvers átti að nota dúkinn? Hvaða flíkur eða hlutir voru einkum með ormeldúksvend (yfirhafnir karlmanna, ígangsföt karlmanna, spariföt karlmanna, svo sem reiðföt, peysufatasjöl og millipils, fiðurheldur dúkur o.s.frv.)? Þekktist það, að dúkur í millipils kvenna væri ofinn að nokkru leyti með einskeftuvend og að nokkru leyti með ormeldúksvend (bekkjapils)? Lýsið því. Voru ofnar mismunandi gerðir af ormeldúksbekkjum (tenntur ormeldúkur t.d.)?

### **Salún.**

Hvað nefndist þessi vefnaðargerð (salon, salún, sálún t.d.)? Hvaða hlutir voru unnir með salúnsvefnaði (t.d. rúmábreiður eingöngu)? Lýsið uppruna og útbreiðslu þessarar vefnaðargerðar í byggð yðar hafi hún ekki verið iðkuð þar frá fornu fari. Lýsið vefjaefni (uppistöðu og ívafi, efni og gerð). Lýsið litavali (sauðarlitir, jurtalitir o.s. frv.). Lýsið vefnaðarmunstrum. Voru vefnaðarmunstrin nefnd ákveðnum nöfnum? Greinið frá þeim. Var algengt, að vefarar hugsuðu sjálfir (fyndu upp) munstur sín? Höfðu þeir ákveðnar fyrirmyndir í gömlum hlutum, á teiknuðum blöðum eða í skrifuðum forsögnum? Breyttust salúnsmunstur vegna áhrifa vefnaðarbóka og húsmæðraskóla? Þöktu salúnsmunstrin yfirleitt allan vefflötinn? Voru dæmi þess, að salúnsmunstrin væru í bekkjum og munsturlausar randir milli þeirra? Hvað nefndist það (bekkjusalún t.d.)? Voru það einstakir vefarar öðrum fremur, sem lögðu fyrir sig salúnsvefnað og breiddu hann út meðal almennings? Segið frá verði á salúnsábreiðum. Voru dæmi þess að salúnsábreiður væru aðeins breiddar yfir rúm á helgum dögum og hátíðum en brekán þar fyrir utan? Hvenær lagðist salúnsvefnaður niður sem heimilisiðnaður? Eru salúnsábreiður enn í notkun á heimilum?

### **Brekán.**

Hvað nefndust rúmábreiður, sem ekki voru salúnsofnar (brekán t.d.)? Voru salúnsofnar ábreiður aldrei nefndar brekán? Segið frá vefnaðarvend brekána (einskefta, vaðmál). Var

venja að tala um brekásvefnað? Lýsið því. Segið frá uppistöðu (efni, gerð). Segið frá ívafi (efni, gerð). Lýsið litum og litarefnum. Segið frá munstrum (röndótt, köflótt, tennt). Var mismunandi mikið gefið upp í vefinn miðað við mismunandi not (rúmbrekán, ferðabrekán)? Segið frá vefjarskeið og skyttu, sem notaðar voru við brekásvefnað. Var ef til vill ekki notuð skytta, heldur annað áhald í stað hennar? Lýsið því. Segið frá notum á gömlum og slitnum brekánum. Hvenær lagðist niður að vefa og nota brekán með einskeftu- eða vaðmálsvend á himilum?

### **Glitvefnaður.**

Kunnið þér að segja frá glitvefnaði af eigin raun eða eftir sögnum eldri manna? Hvernig unnu konur t.d. að því að bregða glitmunstrinu í skilið? Unnu tvær konur að því, hvor við sinn jaðar á voðinni? Hafa nokkur glitmunstur eða vefnaðarmunstur yfirleitt geymt á lausum blöðum eða á bókum? Hafa einstakir glitofnir munir (söðuláklæði, rúmábreiður, sessur t.d.) haldist á heimilum til þessa dags? Segið frá því, ef gamlir, glitofnir hlutir eru eignaðir nafngreindum vefurum.

Þekkjast sagnir um konur, sem saumuðu glitmunstur í heimaofna einskeftu? Hefur glitvefnaður verið iðkaður á þessari öld fyrir áhrif frá vefnaðarkennurum (námskeið, skólar)?

### **Krossvefnaður.**

Kunnið þér að segja frá krossvefnaði eða einstökum gömlum, krossofnum hlutum?

Flosvefnaður.

Kunnið þér af eigin raun eða annarra sögn að greina frá flosvefnaði? Hvaða áhöld voru notuð við flosvefnað (floslár, vefstóll t.d.) Lýsið því. Voru sérstök áhöld notuð við að bregða munsturbandi og undirbandi í skil? Lýsið þeim. Var sérstakt áhald notað til að slá að ívafi (fyrirvafi) í skili? Lýsið því.

Lýsið vefjarefnum. Segið frá orðum, sem lúta að flosi og flosvefnaði og þér kunnið deili á (saumflos, nálaflos, alflos, hálflos, rósaflos o.s.frv.). Til hvaða nota var flosvefnaður einkum ætlaður (sessur, borðar á föt, húsgagnaáklæði t.d.)? Var flos ofið á fæti? Til hverra nota? Lýsið því. Hafa einstakir hlutir úr íslensku flosi haldist í eigu manna fram á þessa öld (borðar, sessur, eða annað)? Vitið þér um flosfna hluti, sem glatast hafa? Kunnið þér að segja frá floslögðum hlutum (kvenhempum t.d.)? Eru þekktar sagnir af konum, sem kunna flosvefnað, og um verk þeirra?

### **Spjaldvefnaður.**

Hvað er vitað um spjaldvefnað og aðferðir við hann? Hvernig var rakið í spjaldvef? Hvernig var gengið frá ívafi (undið í hönk, á spýtu eða annað)? Hvernig var unnið að vefnaðinum sjálfum? Kunnið þér að segja frá uppistöðu og ívafi (efni, gerð, litum o.s.frv.)? Áttu konur munsturblöð til að vefa eftir? Hafa nokkur slík blöð geymt fram á þennan dag? Hafa áhöld til spjaldvefnaðar geymt fram á daga núlifandi manna (skeið, slagborð, spjöld eða annað)? Eru til sagnir um spjaldvefnað og konur sem iðkuðu hann? Hafa einhverjir spjaldofnir munir geymt, sem eignaðir eru nafngreindum konum? Eru þekktar áletranir af spjaldofnum lindum eða böndum?

### **Fótvefnaður.**

Kunnið þér að segja frá því, hvernig konur ófu bönd á fæti, og hvað nefndist vefnaðurinn (fótvefnaður t.d.)? Lýsið vinnubrögðum við það, ef hægt er. Hvernig var t.d. unnið í uppistöðu og fyrirvaf? Hvernig var rekið í slönguna? Hvernig var gengið frá höföldum og úr hvaða efni voru þau? Voru fleiri en ein höföld notuð við sama vef til að fá fjölbreyttari munstur? Hvernig gekk konan frá slöngunni er hún óf? Hvernig gekk hún frá fyrirvafi (vatt það á spýtu eða spjald, t.d.)? Hvernig var ívafi slegið í skil? Segið frá litum og vefnaðargerð? Hvernig var

gengið frá slöngunni við vefnaðinn? Hvernig vann konan verkið? Í hvað var fótvefnaður einkum notaður? Segið frá slíkum hlutum (sokkaböndum, svuntuböndum, flautapyrlum o.fl.). Voru fótofin bönd nefnd eftir munstrum, sem í þau voru ofin (tiglabönd t.d.)?

### **Gjafavefnaður.**

Voru gjarðir (hnakkgjarðir, söðulgjarðir, yfirgirðinga, klyfberagjarðir) ofnar í vefstól? Lýsið gjarðæfni. Hvernig var það unnið? Hvernig var rakið í uppistöðuna (slönguna)? Segið frá litasamsetningu og vefnaðarvend. Lýsið ívafi (fyrirvafi). Var sérstakt áhald notað í stað skyttu til að bregða ívafi í skilið? Lýsið því. Hvað nefndist það? Með hverju var slegið að ívafi í skili? Lýsið því. Hvað nefndist áhaldið? Lýsið munstrum. Höfðu gjarðir nafn eftir munstrum (oddagjarðir, tenntar gjarðir)? Hvað nefndist gjarðarefnið fullunnið? Hvernig var gengið frá endum á ofnum gjörðum? Lýsið því og öðru, sem efnið varðar.

### **Námskeið, skólar.**

Voru haldin vefnaðarnámskeið í byggðarlaginu? Hverjir beittu sér fyrir þeim (félög, einstaklingar)? Hvenær voru þau haldin og hverjir kenndu? Hvaða vefnaðarvendir voru kenndar? Komu nýjar vendir, ný vefjarefni og ný munstur til sögunnar? Hafði þetta áhrif til breytinga almennt í byggðarlaginu? Lýsið því.

Hafa nemendur frá húsmæðraskólunum átt þátt í því að efla vefnað og breyta vefnaði frá gamalli hefð í byggðarlaginu?

### **Hæruvoð.**

Er það þekkt, að hrosshár hafi verið unnið til vefnaðar, í hærusekki, síur, gólfmottur eða aðra hluti? Lýsið vinnu við hæruvoðir, ef tók eru á. Var mismunandi litum blandað saman eða þeir hafðir óblandaðir? Hvernig var hrosshárið tætt (táið eða kembt í kömbum)? Hvernig var það búið undir spuna að öðru leyti (vafið í vindil, fest upp t.d.)? Hvernig voru spunatækin (snælda, rokkur)? Voru mismunandi gerðir af hrosshárssnældum í notkun? Lýsið þeim. Lýsið hrosshársspuna, tvinningu og hnyklum. Lýsið hrosshársvefnaði, uppsetningu litum, munstrum (tennt t.d.), vefnaðarvend og öðru, er efnið varðar.

Voru til sérstök áhöld til að nota við þennan vefnað (vefjarkambur, vefjarskeið, skytta o.s.frv.)? Lýsið því.

Lýsið hlutum ofnum úr hrosshári eftir því sem tók eru á (t.d. hærusekkjum). Er þekktar sagnir um hluti, sem ofnir voru úr hrosshári og notkun þeirra? Voru einhverjir menn öðrum fremur, sem lögðu fyrir sig þennan vefnað?

Eru dæmi um það, að menn kembdu hrosshár saman við ull í vaðmálsvoðir? Í hvað voru slíkar voðir hafðar (t.d. karlmannaföt eða reiðföt)?

### **Hundshár.**

Þekkið þér dæmi þess, að menn hafi safnað hundshári og notað til fata, t.d. í sokka? Hafði hundshárið einhverja sérstaka kosti, eða var þetta af sérvisku einni saman?